

Rektor setti fund kl. 13.10.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda
Baldur Örn Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Svanfríður Inga Jónasdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Ingveldur Tryggvadóttir ritari fundarins
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri

Rektor kynnti dagskrá.

Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri kom inn á fund og fjallaði um liði 1 og 2.

1. Úttektir á deildum HA

0909037, 0909038

Með vísun í 11. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla og reglur nr. 321/2009 um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum mun menntamálaráðuneytið standa fyrir úttekt á kennslu og námi í lögfræði og viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri. Í erindi frá menntamálaráðuneytinu dags. 17. nóvember sl. er óskað eftir að háskólinn svari spurningalista varðandi námið og skili sjálfsmatsskýrslu eigi síðar en 20. janúar 2010. Þá er gert ráð fyrir að úttektaraðilar heimsæki háskólann í kjölfarið á tímabilinu mars til loka apríl.

2. Eftirfylgni viðurkenninga á fræðasviðum

0911017

Með vísun í 11. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla og reglur nr. 321/2009 um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum er gert ráð fyrir því að gerð verði eftirfylgniúttekt á Háskólanum á Akureyri á árinu 2009. Í erindi frá menntamálaráðuneytinu dags. 4. nóvember sl. er þess óskað að háskólinn skili sjálfsmatsskýrslu til menntamálaráðuneytisins og er skiladagur 15. janúar 2010. Gert er ráð fyrir að úttektaraðilar heimsæki háskólann í kjölfarið í lok janúar.

Forsetar fræðasviða munu vinna að sjálfsmatsskýrslunum með gæðastjóra.

Háskólaráð þakkaði Sigrúnu fyrir kynninguna og vék hún af fundi.

3. Fundargerð 285. fundar

0909007

Rektor bar upp fundargerðina og var hún samþykkt.

4. Yfirlit yfir rekstraráætlun 2010

0910672

Rektor fór yfir hugmyndir sem hafa verið ræddar varðandi mögulegan sparnað í stjórnun háskólans. Að beiðni menntamálaráðuneytis hefur drögum að rekstraráætlun fyrir árið 2010 verið skilað inn með fyrirvara um breytingar. Nokkrar umræður urðu um hugsanlegar leiðir til sparnaðar og var m.a. rætt um niðurskurð á námsleiðum auk hugsanlegs samstarfs milli háskóla um kennslu. Þóroddur lagði til að skipaður yrði starfshópur til að meta sóknarfæri í öflun rannsóknastyrkja og umsýslu þeirra innan HA. Í starfshópnum sætu kennarar sem hefðu umtalsverða reynslu af öflun styrkja úr samkeppnissjóðum. Rektor mun skipa slíkan starfshóp.

Ákveðið var að senda fulltrúum háskólaráðs rekstraráætlunina fyrir 2010 fyrir næsta fund ráðsins þannig að fulltrúum gæfist tími til að kynna sér efni hennar.

5. Drög að reglum um vinnumatssjóð

0911015

Rektor fór yfir drög að reglum um vinnumatssjóð og helstu breytingar sem orðið hafa á reglunum. Ákveðið var að drögin fari til umsagnar hjá fulltrúum háskólaráðs og hjá Péttri Leifssyni og verði lögð fyrir að nýju á næsta fundi ráðsins.

6. Formfesta rafrænna kennsluáætlana.

0911047

Nýjar reglur og aðgerðaráætlun um innleiðingu rafrænna kennsluáætlana sem hafa þegar verið samþykktar í gæðaráði og framkvæmdastjórn voru lagðar fyrir háskólaráð. Ræddir voru kostir og gallar með innleiðingu slíks kerfis og sagði Þóroddur frá óánægjuröddum kennara. Taldi hann að hér væri um ósveigjanlegt skráningarkerfi að ræða og lagði til að kennurum yrði boðið upp á þann valkost að skila rafrænum kennsluáætlunum í pdf skjali að því tilskildu að þær innihéldu allar nauðsynlegar upplýsingar.

Þóroddur lagði einnig til að rita forsetum fræðasviða erindi og ítreka mikilvægi þess að kennarar skili kennsluáætlunum á réttum tíma og var það samþykkt. Engar frekari athugasemdir komu fram af hálfu háskólaráðs.

7. Skipun öryggisnefndar HA

0910660

Í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað nr. 46/1980, 6. gr. skipar HA öryggisnefnd. Starfsmenn tilnefna tvo fulltrúa úr sínum hópi og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa. Eftirfarandi tilnefningar eru svohljóðandi:

Fulltrúar starfsmanna:

Arnheiður Eyþórsdóttir aðjúnt (FHA)

Sigþór Pétursson prófessor (Félag prófessora á Íslandi)

Ingibjörg Smáradóttir fulltrúi á kennslusviði varafulltrúi (SFR)

Fulltrúar atvinnurekanda:

Ólafur Búi Gunnlaugsson forstöðumaður

Guðrún Pálmadóttir dósent

Sólveig Ása Árnadóttir varafulltrúi

Matthías Henriksen umsjónarmaður vinnur með nefndinni.

Háskólaráð samþykkir þessa skipan í öryggisnefnd með fyrirvara um samþykki Guðrúnar Pálmadóttur.

8. Önnur mál

Rektor fór yfir minnisatriði varðandi stöðuna á nýbyggingu háskólans. Sagði hann jafnframt frá fundi sem hann átti við fjármálaráðherra nýverið um byggingamál háskólans.

Svanfríður Inga spurði út í Símenntun HA og Símeý og hvort hægt væri að finna sameiginlegan flöt á starfi þar á milli. Rektor svara því til að viðræður væru í gangi milli símenntunarstofnananna um aukið samstarf.

Ákveðið var að hafa næsta fund miðvikudaginn 9. desember kl. 13.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00.